

**Ed.**

**258. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Flutningsm.: Einar Arnason, Eggert Pálsson, Guðm. Ólafsson.

1. 1. gr. orðist svo:

Á eftir 1. gr. laga nr. 76, 28. nóv. 1919, komi ný grein, svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1926 njóta yfirsetukonur, auk framantaldra launa, dýrtíðaruppbótar úr ríkissjóði eftir sömu reglum og starfsmenn ríkisins.

2. 2. gr. falli niður.

3. 3. gr. falli niður.

4. Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 76, 28. nóv. 1919, um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.